



Fréttatilkynning

02 January 2024 15:30:00 GMT

Arion banki: Útboð sértryggðra skuldabréfa þann 4. janúar 2024

Arion banki heldur útboð á sértryggðra skuldabréfaflokknum ARION CBI 30 fimmtudaginn 4. janúar 2024

Útboðið er með hollensku fyrirkomulagi þar sem öll samþykkt tilboð verða seld á sama verði, á hæstu samþykktu ávöxtunarkröfunni. Arion banki áskilur sér rétt til þess að samþykkja öll tilboð, hafna öllum tilboðum eða taka tilboðum að hluta.

Í tengslum við útboðið fer fram skiptiútboð þar sem eigendur flokksins ARION CB 24 eiga þess kost að selja bréf í flokknum gegn kaupum í ofangreindu útboði. Hreint verð í skiptiútboðinu er 99.0926.

Áætlaður uppgjörsdagur er 11. janúar 2024. Greiða skal fyrir flokkinn með reiðufé og/eða með skiptum á ARION CB 24.

Lánshæfiseinkunn sértryggðra skuldabréfa Arion banka er Aa2 samkvæmt mati Moody's.

Markaðsviðskipti Arion banka hafa umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað til skuldabrefamidlun@arionbanki.is fyrir kl. 16:00 þann 4. janúar 2024.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki: Útboð sértryggðra skuldabréfa þann 4. janúar 2024](#)